

Nd.

852. Breytingartillögur

[290. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, lög nr. 20 7. maí 1980 og lög nr. 2 13. febr. 1981.

Frá Matthíasi Bjarnasyni, Matthíasi Á. Mathiesen, Albert Guðmundssyni og Sighvati Björgvinssyni.

1. Á eftir 13. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
Á eftir 12. tl. 1. mgr. 31. gr. laganna komi 13. tl., svohljóðandi:
 - a. Tillög sem skattskyldir aðilar skv. 1. og 2. gr. og eingöngu reka útgerð og fiskvinnslu leggja í nýbyggingarsjóð.
Hámark nýbyggingarsjóðstillags þessara aðila skal vera 25% af þeirri fjárhæð sem eftir stendur þegar frá tekjum samkvæmt II. kafla hafa verið dregnar þær fjárhæðir sem um ræðir í 1.—11. tl. þessarar málsgreinar.
 - b. Í stað 2. mgr. sömu lagagreinar komi svohljóðandi málsgrein:
Hvorki er heimilt að mynda rekstrartap né fresta yfirfærslu rekstrartaps frá fyrri árum með frádrætti skv. 9.—13. tl. 1. mgr.
2. Við ákvæði til bráðabirgða bætist:
Nú nýtur skattskyldur aðili skv. 1. og 2. gr. og eingöngu rekur útgerð og fiskvinnslu frádráttar frá tekjum með framlagi í nýbyggingarsjóð, sbr. 1. mgr. 31. gr., 13. tl., og skal sú upphæð, sem hann ráðstafar þannig, lögð inn á bundinn reikning í viðskiptabanka eða keypt fyrir það opinber verðbréf og þau falin banka til geymslu og skal það gert eigi síðar en 5 mánuðum eftir lok hvers reikningsárs.
Skattaðili ráðstafar sjálfur því fé er hann hefur lagt í nýbyggingarsjóð, en því má eingöngu verja til aukningar og endurnýjunar á framleiðslutækjum á sviði útgerðar, annaðhvort með nýbyggingu eða kaupum á nýjum fiskiskípum. Þó er heimilt að verja fé nýbyggingarsjóðs til að greiða tap ef aðrar eignir hrökkva ekki til fyrir því.
Sé fé nýbyggingarsjóðs ráðstafað á einhvern annan hátt en að framan greinir skal hið ráðstafaða fé hækkað upp um verðbreytingarstuðul, sbr. 26. gr., og bætt við tekjur skattaðila ásamt 10% viðurlögum.